



Economic Policy Reforms **Going for Growth - 2008 Edition**

Summary in Icelandic

Endurbætur í efnahagsstefnumótun **Stefnt að vexti - útgáfa 2008**

Útdráttur á íslensku

Verg landsframleiðsla er ekki jafngildi velferðar. En mikil framleiðni og gott atvinnuástand stuðla að velferð – beint og óbeint, með því að leggja til auðlindir sem hægt er að nýta við aðra starfsemi sem eykur velferð. Það er þess vegna mikilvægt að ríkisstjórnarstefna þvælist ekki fyrir framleiðni og atvinnuástandi nema þar sem hægt er að réttlæta það með tilvísun í önnur sjónarmið á velferð.

Í útgáfu ársins 2007 af Stefnt að vexti voru kynnt fimm forgangsmál í samsetningarstefnumótun fyrir hvert OECD ríki og Evrópusambandið til að betrubæta galla varðandi framleiðni eða atvinnuástand. Í þessu tölublaði er farið yfir framfarir í innleiðingu þessara forgangsmála. Það fer eftir tilhneigingu hvort niðurstaðan verður sú að glasið sé hálfullt eða hálfómt. Ár er ekki langur tími í gerð samsetningarstefnumótunar og í því ljósi kunna framfarir í næstum tveimur þriðju forgangsmála í stefnumótun ársins 2007 að virðast talsverður árangur. Engu að síður er hluti þessara framfara ekki mjög efnislegur, og framfarir hafa verið miklu hægari á erfiðum stefnumótunasviðum, s.s. vinnumarkaðsreglugerðum. Að sama skapi mætti líta svo á að flothæf efnahagsstarfsemi hafi boðið upp á hagstæðan bakgrunn til endurbóta með því að draga úr tengdum aðlögunarkostnaði. En eins og komst til tals í tölublaði síðasta árs kunna góðu tímarnir líka að hafa dregið úr skilningi á mikilvægi þess að endurbæta.

Í þessu tölublaði eru fimm sérkaflar þar sem tekist er á við sértæka stefnumótun og þætti sem hafa áhrif á atvinnuástand og framleiðni.

Að því er varðar atvinnuástand hefur aðaláherslan í Stefnt að vexti hingað til verið lögð á fjölda fólks í vinnu og minni áhersla á það hversu margar stundir það vinnur. Í einum af sérköflunum er reynt að leiðrétta jafnvægið með því að rannsaka þætti sem útskýra hinn breiða mun og í sumum tilfellum hina víkjandi tilhneigingu í vinnustundum eftir ríkjum.

Í rannsókninni er kynnt ný og meira alþjóðleg sambærileg gagnasamstæða um vinnustundir þar sem staðfest er hin margumrædda stílfærða staðreynd að árlegar vinnustundir eru umtalsvert fleiri í Bandaríkjunum en í Evrópu. Bilið jafngildir einum 15%, og u.þ.b. helmingur endurspeglar fleiri árlega vinnudaga í Bandaríkjunum og afgangurinn er þá væntanlega vegna meiri stundafjölda á viku. Meðaltalsmismunur í vikustundum endurspeglar að miklu leyti vinnustundir meðal kvenna og greiningin sýnir að þær verða á mikilvægan hátt fyrir áhrifum af jaðarskatthlutfalli. Í rannsókninni er líka skilgreindur fjöldi annarra stefnumótunaráhrifa á vinnustundir, þar á meðal vinnuútmareglugerð. Þegar hugsað er um stefnumótun er hvað sem öðru líður mikilvægt að hafa í huga bæði stundirnar og umfang höfðatölu atvinnuástandsins. Vissulega mun stefnumótun sem leiðir til minni þátttöku vinnuafis í vissum hópum sem að jafnaði vinna fáar stundir hneigjast til að fjölga vinnustundum að meðaltali en það gerir þær ekki eftirsóknarverðari.

Uppsöfnun mannaúds er mikilvægt hreyfiafl í hagvexti. Í tveim sérköflum er kynnt greining sem er gerð í samspili við Aðalskrifstofu menntamála hjá OECD, um fjárfestingu í menntun á, eftir því sem við á, grunn-, framhalds- og háskólastigi. Í fyrri rannsókn eru notuð PISA stig til að ákvarða mælikerfi fyrir skilvirkni skólakerfisins sem heildar sem og fyrir einstaka skóla. Niðurstöðurnar benda til að talsverð skilvirkni hafi náðst í skólum í einstökum ríkjum sem ná bestri landsframmistöðu og í ríkisskólakerfi sem nær bestri alþjóðlegri frammistöðu. Heildarstarfsemi í efnahagsmálum hagnast á meiri framleiðni og atvinnuástandi meðal betur menntaðra ungra aldurshópa og/eða á kostnaðarlækkunum og samsvarandi lægri sköttum. Í rannsókninni er líka bent á suma stefnumótunarmgjörðina sem virðist knýja skilvirkni og sem tengist notandavali, stjórnunarsjálfræði og -ábyrgð, heppilegri skólastærð og því að komast hjá snemmbúnum flaumi.

Í kaflanum um háskólamenntun er kynnt mat á tengdu einkaendurgjaldi sem virðist vera meðal drifkrafta í fjárfestingum á háskólastigi. Í flestum ríkjum er áætlað endurgjald mikið miðað við það sem tíðkast í annars konar fjárfestingum en það er líka verulegur munur eftir ríkjum. Sambúð mikils endurgjalds með, í sumum tilfellum, tiltölulega lágu útskriftarhlutfalli kann að vísa til þess að haldið sé aftur af framtíðarnemendum með hömlum í greiðslugetu og áhyggjum af áhættu. Vissulega hitta tekjur nemenda og tiltækileiki fljótandi fjárhagsúrræða fyrir annað meiriháttar úrslitaatriði í fjárfestingum á háskólastigi. Sveigjanleiki og umfang nýsköpunar í menntastofnunum eru þriðji mikilvægi þátturinn. Til viðbótar þessum niðurstöðum þarf stefnumótunarmgjörð á sviði háskólamenntunar engu að síður líka að taka tillit til þrýstings á almenna fjármögnun, aukinn alþjóðlegan hreyfanleika útskriftarnema og óskarinnar um að draga úr stuðningi sem nýtist aðallega þeim mannfjölda sem er betur settur. Þessi samsetning þátta bendir til

stefnumótunar sem sér fyrir meiri sjálfstjórn og ábyrgð á einstökum stofnunum, stærri hlut nemenda í fjármögnun kennslunnar og ráðstöfunum til að slaka á hömlum á greiðslugetu og til að draga úr áhættu á fjárfestingu í háskólamenntun.

Í tveimur köflum er fjallað um hlutverk ytri víðsýni í að knýja efnahagsstarfsemi. Í kaflanum um atvinnulandafræði er sagt frá því að fjarlægðin haldi áfram að vera úrslitaatriði í alþjóðlegu viðskiptamynstri. Vissulega versla ríki fjarri hringiðu efnahagsstarfseminnar minna en þau sem eru staðsett nær. Árangurinn er að fjarlæg ríki hagnast minna á yfirburðunum sem stafa af viðskiptum í formi meiri sérhæfingar, hagnýtingar mælikvarðahagkerfa og samkeppnisþrýstings. Áhrifin á vergar landstekjur eru mögulega mikil.

Í kaflanum er líka greint hlutverk náttúruauðlinda og sýnt að auðlindarík OECD ríki hneigist til að hafa meiri vergar landstekjur. Þessi uppgötvun er andstæð niðurstöðum sem gefa í skyn að auðlindasjóður geti verið bölvun fyrir þróunarlönd sem mögulega endurspeglar að OECD ríki hafi almenn meiri stjórnunarformgerð. Hlutverk fjarlægðar og ríkulegra auðlinda þarf að hafa hugfast þegar borin er saman efnahagsleg frammistaða eftir ríkjum. Sum hafa það náðugra en önnur. En það að vera annaðhvort vel eða illa settur ætti ekki að þjóna sem afsökun fyrir óhæfa stefnumótun og reyndar finnast ekki með greiningunni ummerki um að forgangsstefnumótun Stefnt að vexti verði fyrir áhrifum af fjarlægð eða ríkulegum auðlindum.

Í hinum kaflanum um víðsýni, sem er byggður á greiningu sem er framkvæmd af Aðalskrifstofu viðskipta og landbúnaðar hjá OECD, er kannað hlutverkið sem reglugerð um heimamarkaði leikur í þjónustuviðskiptum. Það kemur ekki á óvart að takmarkandi reglugerð reynist íþyngja þjónustuviðskiptum. Það er líka dregið úr þjónustuviðskiptaflæði milli tveggja ríkja þegar viðkomandi reglugerðarsamsetning er mjög frábrugðin. Í rannsókninni er metið að þjónustuviðskipti gætu næstum tvöfaldast að meðaltali ef ríki ættu að samræma reglugerðir minnst takmörkuðu afstöðunni í OECD. Eins og með vöruviðskipti ættu meiri þjónustuviðskipti að kveða á um aukningu vergra landstekna.

Með greiningunni í sérköflum þessarar útgáfu er stuðlað að vaxandi sundurgreinandi grunni að skilgreinandi forgangsmálum í stefnumótun í framtíðarútgáfu af Stefnt að vexti. Að lokum, almennileg stefnumótunarráðgjöf verður að hvíla á eins traustri og alhliða greiningu og mögulegt er.

© OECD 2008

Þessi útdráttur er ekki opinber OECD þýðing.

Eftirprentun þessa útdráttar er leyfileg, að því tilskildu að getið sé höfundarréttar OECD og titils upprunalegu útgáfunnar.

Fjöltyngdir útdrættir eru þýdd ágríp af útgáfum OECD sem upphaflega voru gefnar út á ensku og frönsku.

Þeir eru fáanlegir án endurgjalds í netbókaverslun OECD www.oecd.org/bookshop/

Hafið samband við Réttinda- og þýðingareiningu OECD, framkvæmdanefnd fjölmiðlunar og almannamálefna ef frekari upplýsinga er þörf hjá: rights@oecd.org eða með faxi: +33 (0)1 45 24 99 30.

OECD Rights and Translation unit (PAC)
2 rue André-Pascal, 75116
Paris, France

Heimsækið vefsíðu okkar www.oecd.org/rights/

